# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.**

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar vegna innheimtu gjaldfallinna peningakrafna er ákveðin sem hér segir ef sá kostnaður er innheimtur hjá skuldara:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Innheimtuviðvörun** | | |
| | Innheimtuviðvörun (ein skyldubundin viðvörun skv. 7. gr. innheimtulaga, send frá kröfuhafa eða hvers konar innheimtuaðila, m.a. lögmanni, eftir gjalddaga kröfu (eftir eindaga sé hann tilgreindur), sbr. þó 3. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar um sameiningu greiðsluseðils og viðvörunar) | kr. | 950 |
| | **Milliinnheimtubréf** | | |
| 2. | Milliinnheimtubréf kröfuaðila eða innheimtuaðila, m.a. lögmanna: | | |
| 2 a | Höfuðstóll kröfu til og með 2.999 kr. | kr. | 1.300 |
| 2 b | Höfuðstóll kröfu 3.000 til og með 10.499 kr. | kr. | 2.100 |
| 2 c | Höfuðstóll kröfu 10.500 til og með 84.999 kr. | kr. | 3.700 |
| 2 d | Höfuðstóll kröfu 85.000 kr. og yfir | kr. | 5.900 |
| 3. | Fyrsta ítrekun milliinnheimtubréfs (sama gjald og í 2 a-d) | | |
| 4. | Önnur ítrekun milliinnheimtubréfs (sama gjald og í 2 a-d) | | |
| 5. | Eitt símtal í milliinnheimtu | kr. | 550 |
| 6. | Gerð skriflegs samkomulags um greiðslu kröfu | kr. | 2.700 |

2. gr.

2. málsl. 7. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr., sbr. 21. gr., innheimtulaga nr. 95/2008, öðlast þegar gildi.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 16. febrúar 2010.*

**Gylfi Magnússon.**

*Jónína S. Lárusdóttir.*